

Vesturbyggð  
Bt. Óskars Arnars Gunnarssonar

Dags. 3. desember 2024  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2024-0279

Með erindi dags. 22. október sl. óskaði Vesturbyggð eftir umsögn Veðurstofu Íslands um aðalskipulagsbreytingu Vesturbyggðar 2018-2035, sem felst í skipulagningu landfyllingar meðfram Strandgötu fyrir nýtt íbúðarsvæði og stækkun á miðsvæði og svæði fyrir samfélagsþjónustu

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Í skýrslum veðurstofunnar 2022-009 Mat á endurkomutíma óveðursflóða reiknað með Delft3D-FM og 2022-009 Mat á endurkomutíma óveðursflóða reiknað með Delft3D-FM (sjá fylgiskjal) má finna umfjöllun um mat á flóðahættu við núverandi aðstæður. Mynd 49 í fylgiskjalinu sýnir að á skipulagssvæðinu er flóðahætta.

Hækkandi sjávarstaða vegna loftslagsbreytinga og landsigs mun hafa áhrif á sjávarflóðahættu og í skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá 2023 kemur fram að sjávarstöðuhækkun á Patreksfirði til ársins 2100 er um 54 cm en um 102 cm árið 2150 að miðgildi í verstu sviðsmynd. Veruleg óvissa er þó á þessum tölum, sérstaklega á næstu öld og í verstu sviðsmynd gefa efri óvissumörk hækkun yfir fjóra metra (sjá töflur 2.10 og 2.11 í skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem finna má á [www.loftslagsbreytingar.is](#)). Hér má benda á að tíminn frá framkvæmdum á skipulagssvæði til aldamóta verður rúm 70 ár og 120 ár til 2150. Þessi ár eru bæði innan þess tímaramma sem gera má ráð fyrir sem líftíma bygginga og gatna á skipulagssvæðinu. Til að fyrirbyggja misskilning er mikilvægt að hafa í huga að afskriftartími einstakra bygginga er ekki viðmið um það til hversu langs tíma þurfi að horfa við skipulag. Víðast hvar á landinu má finna dæmi um íbúðabyggingar sem byggðar voru fyrir mun lengri tíma og eru samt enn verðmætar og í notkun.

Í skipulagsgögnum segir m.a.:

"Náttúruvá: Gert er ráð fyrir grjótvörn vegna ágangs sjávar. Tryggja þarf að svæðið verði hannað m.t.t. hækkandi sjávarstöðu og ágangs sjávar. Notast verður við viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum frá árinu 2018.11 Nánari útfærsla, s.s. á gólfkóta, verður í deiliskipulagi svæðisins."

Veðurstofa Íslands fagnar því að taka eigi tillit til viðmiðunarreglna um landhæð, en bendir á að vegna loftslagsbreytinga eru sjávarflóð vaxandi áhættuþáttur við strendur landsins og mikilvægt er að hafa sérstaka aðgát við skipulag á lágsvæðum, og m.a. þarf að taka tillit til ofangreindra atriða hvað varðar líklega sjávarstöðuhækkun og þann langa tíma sem skipulagsákvæðanir og uppbygging landfyllinga taka til.

Sjávarstöðubreytingar eru líklegar til að verða viðvarandi verkefni næstu aldir. Mikilvægt er að við alla skipulagsgerð sé aðgát höfð og hugað að því hvernig bregðast megi við sjávarstöðubreytingum ef þær skyldu í geta valdið vandræðum á þeim svæðum sem verið er að skipuleggja.

Í ljósi ofanskráðs telur Veðurstofan mikilvægt að við skipulag sé einnig gert ráð fyrir því hvernig bregðast eigi við vaxandi hættu sjávarflóða ef hún reynist meiri en gert er ráð fyrir við byggingu hverfisins. Mikilvægt

er að fram komi hvernig hægt verði að bæta sjóvarnir gerist þess þörf, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.4 í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar.

Virðingarfyllst,  
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir  
Sérfræðingur á rekstrarsviði